

Stefna í menningarmálum á Suðurlandi

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Nóvember 2005

Efnisyfirlit

1.0	Inngangur.....	3
2.0	Mótun stefnu í menningarmálum á Suðurlandi	4
3.0	Stefna og framtíðarsýn sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum	5
4.0	Helstu niðurstöður.....	6
5.0	Stefna, markmið og leiðir	8
5.1	Skipulag og fjármagn.....	8
	Stefna	8
	Markmið.....	8
	Leiðir.....	8
5.2	Menningarmiðstöðvar og önnur aðstaða.....	10
	Stefna	10
	Markmið.....	10
	Leiðir.....	10
5.3	Saga, minjar og söfn	11
	Stefna	11
	Markmið.....	11
	Leiðir.....	11
5.4	Samstarf og samstaða.....	13
	Stefna	13
	Markmið.....	13
	Leiðir.....	13
5.5	Hátíðir, viðburðir, verkefni	14
	Stefna	14
	Markmið.....	14
	Leiðir.....	14

1.0 Inngangur.

Sú stefna hefur verið mörkuð af menntamálaráðuneytinu með skýrslu samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni sem kom út í lok ársins 2000 að efla menningarlíf á landsbyggðinni með ýmsum hætti. Í kjölfar þeirrar stefnumótunar var gerður samningur árið 2001 við sveitarfélög á Austurlandi, að undangenginni stefnumótun þeirra í menningarmálum, sem fól í sér að ríkið skuldbatt sig til að greiða ákveðið framlag á ári til menningarmála á Austurlandi. Jafnframt gerðu sveitarfélögin með sér samstarfssamning um stofnun menningarráðs sem hafði það meginhlutverk að úthluta þeim fjármunum til menningarstarfsemi á svæðinu. Jafnhliða var gefin út yfirlýsing um framlög ríkisins til fjögurra menningashúsa á Austurlandi. Síðan hefur verið unnið að gerð fleiri slíkra samninga sem hafa þó ekki enn verið undirritaðir, þannig hafa drög að samningi við sveitarfélög á Vesturlandi verið tilbúin í heilt ár.

Hér á Suðurlandi var farið að huga að þessu máli strax á árinu 2001. Á aukafundi sem haldinn var í Hveragerði var sérstök umfjöllun um málið og þar eftirfarandi ályktun samþykkt: „*Aukafundur SASS, haldinn 30. nóvember 2001 í Hveragerði 30. nóvember í Hveragerði, samþykkir að fela stjórn SASS að hefja undirbúning að gerð samnings við menntamálaráðuneytið um menningarmál á Suðurlandi. Stjórnin hafi náð samstarf við aðildarsveitarfélögin um málið og veiti þeim sem gleggstar upplýsingar á hverjum tíma.*”

Í kjölfarið voru eftirtaldir skipaðir í starfshóp til að vinna að undirbúningi málsins ásamt því að móta stefnu í menningarmálum á Suðurlandi :

- Jónas Jónsson frá Héraðsnefnd Rangæinga.
- Jóna Sigurbjartsdóttir frá Héraðsnefnd V-Skaftafellssýslu.
- Gunnar Þorgeirsson frá Héraðsnefnd Árnesinga.
- Árni Jón Elíasson frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands.
- Aldís Hafsteinsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir og Torfi Áskelsson af hálfu stjórnar SASS. Í kjölfar kosninga voru Tofi Áskelsson, Sveinn Pálsson og Sveinn A Sæland kosnir í starfshópinn úr stjórn SASS.

Í viðræðum við fulltrúa menntamálaráðuneytisins kom fram að ráðuneytið lagði mikla áherslu á að væntanlegir samningar tækju einnig til Vestmannaeyja og var Ingi Sigurðsson tilnefndur af þeirra hálfu og síðar Lúðvík Bergvinsson.

Óskað var eftir því við stjórn Atvinnuþróunarsjóðs að sjóðurinn kæmi að vinnu við undirbúning málsins og hefur Sigurður Bjarnason ráðgjafi starfað með nefndinni. Starf nefndarinnar hófst síðan sl. vetur og var skipuð sérstök verkefnisstjórn til að vinna að málinu. Í henni sitja Jóna Sigurbjartsdóttir, Sigurður Bjarnason frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS og Lúðvík Bergvinsson bæjarfulltrúi. Fjölmarginir fundir hafa verið haldnir og nú síðast fjórir fundir með fulltrúm menningarlífs á Suðurlandi þar sem leitað var eftir sjónarmiðum og áherslumálum þeirra. Á einn fund nefndarinnar kom Gísli Sverrir Árnason frá Hornafirði sem kom mjög að gerð samninganna á Austurlandi og miðlaði af reynslu þeirra. Í vinnu nefndarinnar hefur sú reynsla verið hagnýtt eftir föngum.

Nefndin leggur nú fram drög að stefnumótun í menningarmálum á Suðurlandi og hefur einngert drög annarsvegar að samningi við menntamálaráðuneytið og hinsvegar að samstarfssamningi sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál. Í framhaldi af umfjöllun sveitarfélaganna verður síðnan væntanlega leitað eftir formlegum samningum við ráðuneytið ásamt því að að sveitarfélögin geri með sér samkomulag.

2.0 Mótun stefnu í menningarmálum á Suðurlandi

Markmiðið með að móta skýra stefnu sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum er ekki að koma á miðstýringu í þessum málafokki eða að draga úr frumkvæði einstakra sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga. Hér er miklu frekar um að ræða að koma á skipulögðum vinnubrögðum, að leggja ákveðnar línur um þá þætti þar sem samstarf og samnýting kraftanna er nauðsynleg og til að styrkja stöðu Suðurlands á sviði menningarmála. Síðan að blása til sóknar á því sviði enn frekar en verið hefur.

Strax í upphafi verkefnavinnunnar setti vinnuhópurinn sér eftirfarandi markmið og leiðir sem var gengið út frá varðandi skipulag og megin markmið verkefnisins.

- Að líta á Suðurland sem eitt menningarsvæði þar sem ríki, sveitarfélög, menningarstofnanir, félagasamtök og einstaklingar vinni saman að öflugu og fjölbreyttu menningarstarfi á Suðurlandi.
- Að hvetja til samstarfs á sviði menningar þar sem dregin eru fram einkenni Suðurlands og um leið eflt innra menningarstarf svæðisins.
- Að stuðla að aukinni ánægju Sunnlendinga með búsetuskilyrði sín með því að leggja grunn að auknu framboði og fjölbreytni menningarstarfs.
- Að leggja áherslu á samvinnu á milli byggðarlaga.
- Að greina í samvinnu við íbúa á Suðurlandi forgangsverkefni í menningarmálum með það að markmiði að móta stefnu er verði til eflingar menningarstarfsemi á Suðurlandi.
- Að leggja grundvöll að samningi á milli sveitarfélaga á Suðurlandi og ríkisins um menningarstarfsemi.
- Að stofnað verði Menningarráð Suðurlands sem yrði samstarfsvettvangur um menningarmál og til að standa vörð um þá stefnu sem er í menningarmálum á hverjum tíma.
- Að greina þau menningarverkefni sem eru á hendi ríkisins, sveitarfélaga, menningarstofnana og áhugamannafélaga.
- Að stuðla að frekari tengingu menningar og skóla.
- Að funda með fulltrúum menntamálaráðuneytis.
- Að leita eftir umsögn frá menningarmálanefndum sveitarfélaga.
- Að sjá til þess að ekki verði hróflað við samningum á milli ríkisins og menningarstofnana sem eru til staðar í dag.
- Að kalla til ráðgjafar fólk sem starfar að menningarmálum.

3.0 Stefna og framtíðarsýn sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum

Sveitarfélög á Suðurlandi eru sammála um eftirfarandi meginstefnu í menningarmálum:

- Að íbúar hafi á hverjum tíma aðgang að metnaðarfullu framboði menningarviðburða.
- Að íbúar eigi kost á þátttöku í þróttmiklu áhugastarfi á sviði menningarmála.
- Að íbúar hafi á hverjum tíma fullnægjandi aðstöðu fyrir menningarstarf.
- Að sveitarfélög í samvinnu við ríkið vinni að því að skapa ný atvinnutækifæri á Suðurlandi á sviði menningarmála.
- Að sveitarfélög í samvinnu við ríkið búi menningarstofnunum sínum örugg starfsskilyrði og hljóti viðurkenningu á framlagi sínu til íslenskrar og fjölbjóðlegrar menningar.
- Að sveitarfélög í samvinnu við ríkið hlúi að listsköpun unga fólksins.
- Að virkja og leysa úr læðingi þann margbreytilega mannauð sem er til staðar á svæðinu t.a.m. með því að skólar nýti þá auðlegð sem felst í mismunandi menningaruppruna nemendanna.
- Að menningarmál á Suðurlandi haldi áfram að eflast með samstarfi og samnýtingu krafta stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga.
- Að menningarstarfssemi hafi örugga fjármögnun og aðstöðu frá hinu opinbera og vaxandi stuðning einkaaðila.
- Að Sunnlendingar uni vel við framboð og gæði menningarstarfs og að það njóti athygli og viðurkenningar innanlands sem utan.
- Að komið verði á fót tveimur öflugum menningarhúsum á Suðurlandi í samvinnu við ríki, þ.e. á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Að auki verði leitað eftir stuðningi ríkisins til eflingar á eftirtöldum menningarstofnunum:

Listasafn Árnesinga í Hveragerði
Menningarmiðstöð að Laugalandi
Menningarmiðstöð í Vík í Mýrdal.
Menningarmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri

Komið verði á fót menningarhúsi í Vestmannaeyjum og þar yrði fyrsta flokks aðstaða fyrir sem flestar listgreinar. Að auki verði eftirtaldar menningarstofnanir eflar:

Listasafn Árnesinga í Hveragerði
Menningarmiðstöð að Laugalandi
Menningarmiðstöð í Vík í Mýrdal.
Menningarmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri.

4.0 Helstu niðurstöður

- Sveitarstjórnir viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélagsins og geri ráð fyrir málaflokknum í starfs- og fjárhagsáætlunum og annarri skipulagsvinnu.
- Gerður verði beinn heildarsamningur á milli sveitarfélaga á Suðurlandi og ríkisins um menningarmál og verði lögð áhersla á að öll sveitarfélög taki þátt í honum. Samningur verði til xxxxxx ára. Gengið verði til samninga við ráðuneytið hið fyrsta.
- Myndað verði Menningarráð Suðurlands. Helsta starfssvið þess verði að vera samstarfsvettvangur um menningarmál á Suðurlandi og fylgja eftir þeirri stefnu sem mótuð hefur verið.
- Gert er ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður fyrir Menningarráð. Starfsmaður þessi skal m.a. hafa yfir að ráða góðri og víðtækri þekkingu á sviði lista- og menningarmála.
- Stofnaður verði Menningarsjóður Suðurlands með fjármagni frá ríki og sveitarfélögum. Sjóðurinn verði í vörslu Menningarráðs Suðurlands. Tilgangur sjóðsins verði m.a. að veita styrki til sérstakra menningarverkefna.
- Komið verði á fót tveimur menningarhúsum þ.e. í Vestmannaeyjum og á Selfossi þar sem yrði fyrsta flokks aðstaða fyrir sem flestar listgreinar s.s. fyrir leiklist, tónlist ofl.. Að auki verði skilgreind aðstaða á Suðurlandi sem yrðu megin menningarstöðvar.
- Skilgreint verði menningarsögulegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða á Suðurlandi.
- Fornleifaskráning fari fram í öllum sveitarfélögum. Þá verði aukin áhersla lögð á rannsóknir og varðveislu menningarminja og þær gerðar sýnilegri. Samstarf safna og safnafólks á Suðurlandi verði eflt. Stuðlað verði að því að koma á fót stöðu minjavarðar á Suðurlandi.
- Lögð verði áhersla á gott og aukið samstarf þjóðmenningarstofnana og listasafna utan Suðurlands við sunnlensk söfn og aðrar menningarstofnanir á Suðurlandi.
- Unnið verði að því skipulega að íbúar Suðurlands sækji menningarviðburði meir á milli byggðarlaga og líti á sig sem hluta af stærri heild.
- Áhersla verði lögð á aukna möguleika á ástundun listnáms á Suðurlandi. Kanna þarf hvort möguleiki er á að Fræðslunet Suðurlands geti boðið upp á listnám sem er m.a. viðurkennt sem grunnur að frekara listnámi.
- Sveitarfélög eru hvött til að standa vörð um bókasöfn, skjalasöfn og listasöfn og gera

þeim kleift að sinna lögboðnum verkefnum í nútíma upplýsingasamfélagi.

- Leggja ber áherslu á að byggja upp starfsemi á sviði lista sem hefur faglegan metnað, stöðugleika.
- Þróað verði og byggt upp metnaðarfullt starf er taki mið af menningu og áhugamálum ungs fólks. Lögð verði áhersla á að efla samhug og samstöðu með ungu fólki á Suðurlandi. Hvatt er til þess að koma fót eins víða og kostur er aðstöðu fyrir ungt fólk þar sem það getur verið með listsköpun af ýmsu tagi. (Gæti verið í anda þess sem Reykjavíkurborg er að gera í “Hinú húsinu”)
- Af hálfu Menningarráðs og umbjóðenda þess, sveitarstjórna á Suðurlandi, verði lögð áhersla á að efla tengsl fólks af ólíkum uppruna og draga fram þá margvíslegu menningu sem er að finna á Suðurlandi þannig að allir íbúar samfélagsins geti notið þeirra kosta sem fjölmennningarleg samfélög bera með sér.
- Leggja ber áherslu á að efla tengsl mismunandi aldurhópa.
- Stefnt skal að því að efla vinabæjarsamstarf enn frekar og nýta það sem grundvöll fyrir aukinni samvinnu á alþjóðavettvangi.

5.0 Stefna, markmið og leiðir

5.1 Skipulag og fjármagn

Stefna

Sveitarstjórnir á Suðurlandi setja fram eftirfarandi stefnu um skipulag og fjármagn til menningarmála:

Stefnt er að því að auðga enn frekar menningarstarfsemi á Suðurlandi með auknu samstarfi og samnýtingu starfskrafta, fjármagns og aðstöðu annars vegar, og með því að tryggja aukin framlög ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila til menningarmála hins vegar. Þá verði við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs lögð áhersla á að líta á Suðurland í heild, þ.e. svæðið frá Selvogi í vestri og að Lómagnúpi í austri ásamt Vestmannaeyjum.

Markmið

Sveitarstjórnir á Suðurlandi setja fram eftirfarandi markmið um skipulag og fjármagn til menningarmála:

- Að auka og nýta betur fjármagn er rennur til málaflokksins til eflingar stofnana, samtaka og einstaklinga er starfa að menningarmálum á Suðurlandi.
- Að mynda samstarfsvettvang og samstöðu um menningarmál á Suðurlandi.
- Að efla samkennd Sunnlendinga.
- Að auka vísýni og eyða fordómum.
- Að afla framlagi Sunnlendinga til íslenskrar menningar aukinnar viðurkenningar.
- Að koma á fót Menningaráði Suðurlands.
- Koma á fót menningarsjóði.
- Stuðlað verði að því að koma á fót stöðu minjavarðar á Suðurlandi.

Leiðir

- Sveitarstjórnir líti á menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélagsins og geri ráð fyrir málaflokknum í starfs- og fjárhagsáætlunum og annarri skipulagsvinnu. Ákveðinnar viðhorfsbreytingar til menningarstarfsemi er þörf. Líta þarf á slíka starfsemi í auknum mæli sem lífsgæði sem verði að vera til staðar til að treysta búsetu í dreyfbýli. Þá þarf að huga að þeim atvinnutækifærum sem felast í aukinni menningarstarfsemi og loks þeim frjóa og skapandi jarðvegi sem menningarverkefni oft mynda. Allt eru þetta atriði sem styrkja og efla innviði samfélaganna.
- Gerður verði heildarsamningur á milli allra sveitarfélaga á Suðurlandi og ríkisins um menningarmál. Samningurinn kveði á um stofn- og rekstrarkostnað skilgreindra verkefna. Einnig verði gert ráð fyrir að stofnaður verði menningarsjóður með óskilgreindu fjármagni sem verði úthlutað af Menningarráði Suðurlands til menningarverkefna. Samningurinn verði til xxxxx ára en þó þannig að gert verði ráð fyrir að ný verkefni og aukið fjármagn komi inn í samninginn árlega meðan hann er í gildi. Gengið verði til samninga við ríkið hið fyrsta.
- Myndað verði Menningarráð Suðurlands. Helsta starfssvið þess er að vera samstarfsvettvangur um menningarmál á Suðurlandi og fylgja eftir þeirri stefnu sem mótuð hefur verið. Ráðið standi fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, hvetji til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðli að almennri vitund og þekkingu um

málaflokkinn. Ráðið úthluti fjármagni úr Menningarsjóði sem greint er frá í samningi ríkisins og sveitarfélaga á Suðurlandi til menningarverkefna. Menningarráð hafi á hverjum tíma möguleika á að veita menningarstofnunum og einstaklingum ráðgjöf um ýmsa þætti er lúta að menningu og listum. Ráðið standi vörð um að þeir fjármunir sem um er samið við ríki og sveitarfélög á hverjum tíma skili sér til menningar á Suðurlandi.

- Menningarráð verði skipað fimm fulltrúum sem tilnefndir eru af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Lögð er áhersla á að fulltrúar sem tilnefndir eru hafi góða tengingu við menningarstarfsemi á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður fyrir menningarráð.
- Stofnaður verði Menningarsjóður Suðurlands með fjármagni frá ríki og sveitarfélögum. Sjóðurinn verði í vörslu Menningarráðs Suðurlands. Tilgangur sjóðsins er m.a. að veita styrki til sérstakra menningarverkefna, til að efla samstarf á Suðurlandi um menningarmál og verkefni er hafi það hlutverk að draga fram menningarlegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða. Við úthlutun styrkja úr sjóðnum skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar; gæði verkefna, jafnræði og fjölbreytni menningarstarfs. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að viðkomandi umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins. Auglýst verði eftir umsóknum árlega.
- Menningarstarf á Suðurlandi verði í auknum mæli fjármagnað í samstarfi við stóra kostunaraðila utan sem innan svæðis. Menningarráð vinni að öflun slíkra samstarfsaðila í samvinnu við aðila í menningarstarfi á Suðurlandi.
- Gerð verði viljayfirlýsing um fjármögnun á uppbyggingu á aðstöðu til menningarstarfs. Einnig verði skilgreint fjármagn til fornleifarannsóknna og endurbóta mannvirkja sem hafa sögu- og menningarlegt gildi sem eru á vegum opinberra aðila og einstaklinga.

5.2 Menningarmiðstöðvar og önnur aðstaða

Stefna

Stefnt er að því að á Suðurlandi verði til staðar fullkomin aðstaða til að iðka og njóta helstu greina lista og menningar.

Markmið

Að bæta aðgengi Sunnlendinga að menningarstarfi og auka á ánægju þeirra með framboð menningar og afþreyingar.

Leiðir

Komið verði á fót menningarhúsi í Vestmannaeyjum og þar yrði fyrsta flokks aðstaða fyrir sem flestar listgreinar. Að auki verði eftirtaldar menningarstofnanir efldar:

Listasafn Árnesinga í Hveragerði
Menningarmiðstöð að Laugalandi
Menningarmiðstöð í Vík í Mýrdal.
Menningarmiðstöð á Kirkjubæjarklaustri.
Menningarmiðstöð á Selfossi
Hólmaröst á Stokkseyri
Versalir í Þorlákshöfn

Gerð verði hið fyrsta úttekt á eignarhaldi og ástandi allrar aðstöðu til menningarstarfs s.s.. félagsheimilum og öðrum húsum sem í dag hýsa menningarstarf. Á grundvelli þeirra upplýsinga verði gerð áætlun og samið um nýtingu þessarar aðstöðu og uppbyggingu hennar. Hvatt er til þess að ríki og sveitarfélög veiti fjármagni til að endurbæta húsnæði til menningarstarfsemi, þar sem það á við. Ekki er gert ráð fyrir að menningarsjóður veiti fjármagni til uppbyggingar og reksturs á menningarhúsum og félagsheimilum.

5.3 Saga, minjar og söfn

Stefna

Stefnt skal að því að rannsóknir, kynning og varðveisla menningarverðmæta á Suðurlandi verði áfram öflug og markviss. Stuðlað verði að því að koma á fót stöðu minjavarðar á Suðurlandi.

Markmið

Markmiðið er að vekja athygli almenns á þeim miklu menningarverðmætum sem eru til staðar á Suðurlandi og búa þannig að þeim að þau verði aðgengileg fyrir þá sem vilja njóta. Að auki er lögð áhersla á samvinnu safna og þjóðmenningarstofnana á Suðurlandi.

Leiðir

- Skilgreint verði menningarsögulegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða á Suðurlandi. Slík skilgreining auðveldar íbúum m.a. að vinna með sérkenni og sögu í atvinnuskini, t.d. innan ferðaþjónustunnar. Sveitarstjórnir á Suðurlandi hafi forgöngu að þessu starfi í samstarfi við þjóðmenningarstofnanir á Suðurlandi, Minjavörð Suðurlands og Menningarráð Suðurlands. Gert verði ráð fyrir því að Menningarsjóður geti úthlutað fjármagni til þessa verkefnis (sjá hugmyndir að verkefnum í viðauka).
- Fornleifaskráning fari fram í öllum sveitarfélögum, en samkvæmt Skipulagslögum er fornleifaskráning ein af forsendum aðalskipulags sveitarfélaga.
- Aukin áhersla verði lögð á rannsóknir og varðveislu menningarminja og þær gerðar sýnilegri, t.d. með merkingum, umhirðu og upplýsingamiðlun. Sveitarfélög og ríki hafi samvinnu um að verja auknu fé til endurbóta mannvirkja sem hafa sögulegt gildi og gegna menningarlegu hlutverki. Þessi samvinna birtist m.a. í samningi menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga. Gert verði átak í þessum málum á næstu árum á Suðurlandi og Minjaverði Suðurlands falið að skilgreina slík verkefni í samráði við heimamenn.
- Samstarf safna og safnafólks á Suðurlandi verði eftt óháð því hvort um er að ræða söfn á vegum sveitarfélaga, ríkis eða einkaaðila, svo og söfn með mismunandi starfsemi. Hvatt er til þess að embætti Minjavarðar Suðurlands verði gert kleift að taka að sér hlutverk samræmingaraðila safna, annarra en bókasafna, og veita þeim ráðgjöf.
- Hvatt er til þess að stutt verði við einstaklingssöfn á Suðurlandi og leitað verði leiða til að kosta skráningu og forvörslu minja og kynningu á starfsemi þeirra. Þess verði farið á leit við Byggðasafn Árnesinga, Minjavörð, Byggðasafnið í Skógum, Byggðasafn Vestmannaeyja og Minjaráð Suðurlands að hafa forgöngu í þessu máli.
- Lögð verði áhersla á gott og aukið samstarf þjóðmenningarstofnana og listasafna utan Suðurlands við sunnlensk söfn og aðrar menningarstofnanir á Suðurlandi. Söfnin verði hvött til að finna leiðir til að þjónusta Sunnlendinga eins vel og kostur er. Þessum stofnunum verði gert kleift að beina störfum sínum og verkefnum til Suðurlands. Lagt er til að í erindisbréfum þjóðmenningarstofnana og listasafna verði skýrt kveðið á um skyldur um þjónustu þeirra við landsbyggðina. Menningarráð Suðurlands hafi frumkvæði að því að vinna þessu máli framgang af hálfu Sunnlendinga.

- Húsavernd er þáttur sem hefur verið lögð áhersla á Suðurlandi. Dæmi um það má nefna þá vinnu sem hafur farið fram á Eyrarbakka, Stokkseyri og víðar. Lagt er til að húsafriðun verið einn af þeim þáttum sem beri að styðja við, m.a. vegna þess að gömul hús hafa mikið menningarsögulegt gildi og einnig aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Áhersla er lögð á að húsafriðun verði áfram samstarf sveitarfélaga einstaklinga og ríkisins.
- Hvatt er til þess að þau sveitarfélög á Suðurlandi sem ekki hafa nú þegar safnað og skráð örnefni á sínu svæði, taki þá vinnu með í aðalskipulagsvinnu á næstu árum.

5.4 Samstarf og samstaða

Stefna

Stefnt skal að nánara samstarfi menningarstofnana, félagasamtaka og einstaklinga en nú er.

Markmið

Að efla samkennd og samstöðu Sunnlendinga í menningarmálum, bæta aðgengi almennings að menningarstarfi, auka samstarf og treysta starfsgrundvöll stofnana áhugafólks og samtaka á þessu sviði.

Leiðir

- Unnið verði að því skipulega, að íbúar Suðurlands sækji menningarviðburði meira en verið hefur á milli byggðarlaga og líti á sig sem hluta af stærri heild. Þróað verði í því sambandi samstarf er lýtur að skipulagningu og kynningu menningarviðburða á Suðurlandi, ekki síst hátíða og stærri viðburða. Hér skiptir máli vel skipulagt samstarf á milli svæða (sveitarfélaga) og mikilvægt er að starfsmaður Menningarráðs Suðurlands verði með í ráðum þegar um skipulag menningarviðburða á Suðurlandi er að ræða. Gert verði ráð fyrir því að Menningarsjóður geti komið að verkefnum er efla samstarf og tengsl á Suðurlandi.
- Áhersla verði lögð á aukna möguleika á ástundun listnáms á Suðurlandi. Fyrirkomulag tónlistarkennslu á Íslandi er komið í nokkuð fastar skorður og má segja að það sé að þakka gróskumiklu tónlistarstarfi á undanförunum árum. Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á annað listnám en tónlist s.s. myndlist, leiklist ofl. Kanna þarf hvort möguleiki er á að Fræðslunet Suðurlands geti boðið upp á listnám sem er m.a. viðurkennt sem grunnur að frekara listnámi.
- Sveitarfélög eru hvött til að standa vörð um bókasöfn sem eru í mörgum tilfellum elstu menningarstofnanir hvers sveitarfélags og gera þeim kleift að sinna lögboðnum verkefnum í nútíma upplýsingasamfélagi. Með nýrri tækni bjóðast möguleikar á að fullnægja vaxandi þörf samfélagsins fyrir nýjar og fjölbreyttar upplýsingar. Söfnunum verði gert kleift að sinna og vinna að sameiginlegum verkefnum.

5.5 Hátíðir, viðburðir, verkefni

Stefna

Stefnt skal að því að efla þær hátíðir sem haldnar eru á Suðurlandi og að styðja við metnaðarfulla menningarviðburði sem höfða til Sunnlendinga og gesta þeirra.

Markmið

Að auka fjölbreytni, gæði og aðgengi að menningarstarfi á Suðurlandi.

Leiðir

- Leggja þær áherslu á að halda áfram að byggja upp starfsemi á sviði lista sem hefur faglegan metnað og möguleika á að lifa til lengri tíma. Hér getur t.d. verið um að ræða leikstarfsemi, kórastarfsemi, óperuflutning og hljómsveitarstarf ofl.. Tryggja þær metnaðarfullri starfsemi sem þessari fastan tekjugrundvöll. Sveitarfélög, ríki og aðrir aðilar leggi föst framlög til þessarar starfsemi og verði um slík verkefni samið í samningi á milli ríkis og aðila á Suðurlandi.
- Þróað verði og byggt upp metnaðarfullt starf er taki mið af menningu og áhugamálum ungs fólks. Lögð verði áhersla á að efla samhug og samstöðu með ungu fólki á Suðurlandi. Í því sambandi verði hvatt til listviðburða þar sem ungu fólki gefst kostur á að koma fram. Hvatt er til þess að koma á fót eins víða og kostur er aðstöðu fyrir ungt fólk þar sem hægt er að vera með listsköpun af ýmsu tagi. (Gæti verið í anda þess sem Reykjavíkurborg er að gera í “Hinú húsinu”. Menningarstarf ungs fólks þarf að efla á forsendum þess sjálfs og með virkjun og viðurkenningu á frumkvæði unga fólksins. Hér er bæði átt við barna og unglíngamenningu og framboð menningar og afþreyingar sem og virka þátttöku yngra fólks í menningarstarfi fyrir alla aldurshópa.
- Leggja þær áherslu á stuning við menningarstarf aldraðra, sem er hópur sem hefur ákveðnar óskir og þarfir fyrir menningarstarfssemi á eigin forsendum auk þátttöku í almennu menningarlífi.
- Lagt er til að sveitarfélög og félagasamtök veiti listamönnum viðurkenningu fyrir störf að sinni listgrein, t.d. á grunni sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Leitað verði leiða til að efna til starfslauna bæjarlistamanna þar sem það á við.
- Á Suðurlandi eru margar bæjar- og sveitarhátíðir orðnar hefðbundnar og njóta athygli og viðurkenningar heima fyrir sem útávið. Þessar hátíðir byggja á menningarlegri sérstöðu viðkomandi byggðarlags og hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því að koma á framfæri sérstöðu hvers byggðarlags hvað varðar atvinnulíf og menningu. Hvatt er til þess að bæjar- og sveitarhátíðum verði haldið við og þær eflar og á þeim lögð aukin áhersla á að draga fram sérkenni í sögu og menningu hvers staðar.
- Á Suðurlandi er töluverður fjöldi fólks af erlendum uppruna sem mikilvægt er að virkja samfélaginu til góðs. Stutt verði við fjölmennningarleg viðhorf með því að gera menningu fólks af ólíkum uppruna sýnilegri. Um leið og nýbúar eru hvattir og studdir til samstarfs og þátttöku í málefnum samfélagsins, eru gamlir íbúar hvattir til þess að laga sig að fjölbreytni menningarsamfélagsins.

- Öflugt vinabæjarsamstarf er milli margra sveitarfélaga á Suðurlandi og sveitarfélaga í öðrum löndum. Stefnt skal að því að styrkja þetta samstarf enn frekar og nýta það sem grundvöll fyrir samvinnu á alþjóðavettvangi. Jafnframt skal leggja áherslu á aukna þátttöku í menningarverkefnum sem unnin eru í samvinnu við erlenda aðila og sækja til þess fjármagn í norræna sjóði, til Evrópuráðsins og Evrópusambandsins. Með þessu verði sunnlensk menning sett í alþjóðlegt samhengi sem færir menningarstaf nær þeirri alþjóðavæðingu sem nú á sér stað. Sveitarstjórnir, söfn, skólar, menningarfulltrúar og aðrir aðilar sem koma að menningarmálum eru hvattir til þess að veita þessu forgang í sínu starfi.